

FUNDARGERÐ

326. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, Fellabæ, þriðjudaginn 15. ágúst 2023 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Þorsteinn B. Ragnarsson (ÞBR) sat fundinn undir lið 3.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Jarðhitaleit á Búlandsnesi
- 2 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – viðræður um yfirtöku
- 3 Verkefnin – staða
- 4 Fjárhagur – sjóðstreymi
- 5 8 mánaða staða
- 6 Samningar um fráveituhreinsun og rotþróatæmingu
- 7 Samningur um vinnslueftirlit hitaveitu
- 8 Dómur í máli Páls B. Pálssonar gegn félaginu
- 9 Önnur mál
 - a. Varmadælur á köldum svæðum
 - b. Ljósleiðarinn - samstarfsflötur
 - c. Afkastamæling brunahana í Múlaþingi

1 Jarðhitaleit á Búlandsnesi

Bormenn hafa seinkað komu sinni til október. Borplan verður gert á næstu vikum og úttekið af bormönnum áður en bor verður fluttur á staðinn. Stjórn leggur áherslu á að ekki komi til frekari tafa á borun tilraunavinnsluholunnar.

2 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – viðræður um yfirtöku

Byggðaráð Múlaþings bókaði á fundi sínum þann 4. júlí s.l. (mál nr. 202110137) að „... Horft verði til þess að rekstur fjarvarmaveitu á Seyðisfirði verði á forræði HEF veitna.“ Stjórn HEF felur framkvæmdastjóra og formanni að sitja í viðræðuhópi um yfirfærslu á fjarvarmaveitu Rarik á Seyðisfirði til HEF veitna.

Stjórn leggur áherslu á að valkostum um útfærslu kyndingar veitunnar verði haldið opnum.

3 Verkefnin – staða

ÞBR kynnir stöðu verkefna.

- Reynivellir, HEF veitur hafa nánast lokið við tengingar en eftir standa ein heitaveitu heimtaug og ein neysl vatnstenging sem klárast fljótlega.
- Ferjukíll, búið að leggja fráveitu og vatnsveitu. Lagning hitaveitu framundan.

- Eiðaveita, sérfræðingar frá röraframleiðanda eru á Héraði þessa viku.
- Seyðisfjörður, nýjar mögulegar tengingar fyrir fjarvarmaveitu. Búið er að tengja inn í hús við Vallargötu 2, Lækjargata bíður. Hlíðarvegur, efni er komið og verður tekið í framhaldi af Vallargötu.
- Borgarfjörður, Blábjörg fráveita í undirbúningi / vinnslu.
- Borgarfjörður, í september verða tengdar nýjar heimtaugar við neysluvatnslögnina sem var endurnýjuð í fyrra.
- Djúpvogur, auglýsingartími breytingar á aðalskipulagi Djúpavogs rann út 27. júlí. Verið að uppfæra gögn tengd fráveituframkvæmdum en hægt hefur gengið að fá þau frá hönnuði.-
- Djúpvogur, Borgarland fyrir liggur að eiga samtalið með Múlaþingi og Rarik um lagnaleiðir og vinna við lagnir byrjar vonandi í september.

4 Fjárhagur – sjóðstreymi

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjárfestinga sem ganga skv. áætlun. Framkvæmdastjórn hefur metið hagstæðast að sækja fjármagn til skemmri tíma vegna aðstæðna á fjármálamarkaði. Samningur við viðskiptabanka HEF er í vinnslu. Horft er til þess að þegar aðstæður á markaði leyfa verður skammtímafjármögnun breytt í langtímalán.

5 8 mánaða staða

Horfið verði frá hefðbundnu 8 mánaða uppgjöri en í þess stað verði 8 mánaða staða sótt í nýja bókhaldskerfið. Leitað verði til endurskoðanda um framsetningu og rýni. Framvegis verði stefnt að gerð stöðuyfirlita nokkrum sinnum á ári.

6 Samningar um fráveituhreinsun og rotþróatæmingu

Fyrir liggja samningsdrög frá Hreinsitækni ehf., þjónustuaðila HEF til margra ára. Innihald samningsdraga rætt og ljóst að stærð sveitarfélagsins og vegalengdir til þjónustu valda umtalsverðri hækkun. Framkvæmdastjóra og formanni falið að funda með forsvarsmönnum Hreinsitækni og ganga frá samningum samkvæmt umræðum á fundinum.

7 Samningur um vinnslueftirlit hitaveitu

Til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningnum í samræmi við umræður á fundinum.

8 Dómur í máli Páls B. Pálssonar gegn félaginu

Dómur í málinu gekk í Héraðsdómi Austurlands 26. júlí s.l.

Niðurstaða dómsins er að HEF greiði Páli kr. 992.892,- auk dráttarvaxta frá 4. júní 2020 og að auki kr. 900.000,- í málskostnað.

Lagt fram til kynningar.

9 Önnur mál

a. Varmadælu á köldum svæðum

Heimastjórn Fljótshéraðs hefur óskað eftir að HEF skoði mögulega aðkomu að ráðgjöf um varmadæluvæðingu á köldum svæðum.

Lagt fram til kynningar

b. Ljósleiðarinn - samstarfsflötur

Fulltrúi Ljósleiðarans ehf. hefur óskað eftir viðræðum um samstarfsflöt við HEF veitur um gagnaveitu á starfssvæði veitunnar.

Lagt fram til kynningar

c. Afkastamæling brunahana í Múlaþingi

Vinna er hafinn við að afkastamæla brunahana í þéttbýlum í samstarfi við Brunavarnir Austurlands.

Stjórn fagnar því að þessi vinna sé hafin.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:30

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2023

_____	_____
_____	_____
_____	_____